

## AUGLÝSING

### um endurskoðaðan Evrópusamning um samframleiðslu kvikmyndaverka.

Hinn 17. nóvember 2022 var framkvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent staðfestingarskjal Íslands vegna Evrópusamnings um samframleiðslu kvikmyndaverka (endurskoðaður) sem gerður var í Rotterdam 30. janúar 2017. Samningurinn kemur í stað Evrópusamnings um samframleiðslu kvikmyndaverka frá 2. október 1992 að því er varða ríki sem aðild eiga að endurskoðuðum samningi, sbr. auglýsingu nr. 14/1997 í C-deild Stjórnartíðinda, þar sem samningurinn frá 1992 er birtur. Samningurinn frá 1992 gildir áfram í samskiptum við aðila sem ekki hafa staðfest samninginn frá 2017.

Samningurinn öðlast gildi gagnvart Íslandi 1. mars 2023.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 13. desember 2022.*

**Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.**

---

*Martin Eyjólfsson.*

**Fylgiskjal.**

## EVROPUSAMNINGUR

## UM SAMFRAMLEIÐSLU KVIKMYNDAVERKA (ENDURSKOÐAÐUR)

## Inngangsorð

Aðildarríki Evrópuráðsins og önnur ríki er aðild eiga að menningarsáttmála Evrópu (ETS nr. 18), sem undirrita samning þennan,

sem hafa í huga að markmið Evrópuráðsins er að ná fram aukinni einingu meðal aðildarríkja þess, einkum í því skyni að standa vörð um og efla framgang þeirra hugsjóna og grundvallarreglna sem mynda sameiginlega arfleifð þeirra,

sem hafa í huga að sköpunar- og tjáningarfrelsi eru meginþættir þessara grundvallarreglna,

sem hafa í huga að verndun menningarlegrar fjölbreytni hinna ýmsu Evrópulanda er eitt af markmiðum menningarsáttmála Evrópu,

sem hafa hliðsjón af samningi Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna um að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform (París, 20. október 2005), sem gerir sér grein fyrir því að menningarleg fjölbreytni er eitt af því sem einkennir mannkynið og leitast við að styrkja sköpun, framleiðslu, miðlun, dreifingu og möguleika á að njóta menningarlegra tjáningarforma,

sem hafa í huga að efla ætti samframleiðslu kvikmyndaverka sem er tæki til sköpunar og tjáningar á menningarlegri fjölbreytni á heimsvísu,

sem gera sér ljóst að kvikmyndir eru mikilvægur hluti menningarlegra og listrænna tjáningarforma og gegna lykilhlutverki í því að halda á lofti tjáningarfrelsi, fjölbreytileika og sköpunargáfu, sem og lýðræðislegum borgararéttindum,

sem eru staðráðin í því að þróa þessar grundvallarreglur og minna á tilmæli ráðherranefndarinnar til aðildarríkja um gerð kvikmynda og hljóð- og myndefnis, og einkum og sér í lagi tilmæli Rec(86)3 um eflingu framleiðslu hljóð- og myndefnis í Evrópu og tilmæli CM/Rec(2009)7 um landsbundin stefnumál á sviði kvikmynda og um fjölbreytileg menningarleg tjáningarform,

sem staðfesta að ályktun Res(88)15 um að koma á fót Evrópusjóði til stuðnings samframleiðslu og dreifingu á skapandi kvikmyndaverkum og hljóð- og myndverkum, „Eurimages“, hefur verið breytt til að leyfa aðild ríkja utan Evrópuráðsins,

sem eru staðráðin í að ná þessum markmiðum með sameiginlegu átaki til þess að stuðla að samvinnu og skilgreina þær reglur sem varða samframleiðslu kvikmyndaverka í heild sinni,

sem hafa í huga að samþykkt sameiginlegra reglna hefur þau áhrif að draga úr hömlum og stuðla að evrópskri samvinnu á sviði samframleiðslu kvikmyndaverka,

sem hafa í huga tæknilega, efnahagslega og fjárhagslega þróun kvikmyndaiðnaðarins frá því að Evrópusamningurinn um samframleiðslu kvikmyndaverka (ETS nr. 147) var lagður fram til samþykktar 1992,

sem telja að þessi þróun kalli á endurskoðun samningsins frá 1992 svo að tryggja megi áframhaldandi gildi og skilvirkni þessa ramma um samframleiðslu kvikmyndaverka,

sem staðfesta að þessum samningi er ætlað að koma í stað Evrópusamningsins um samframleiðslu kvikmyndaverka,

hafa samþykkt eftirfarandi:

## I. KAFLI

**Almenn ákvæði.**

## 1. gr.

*Markmið samningsins.*

Aðilar samnings þessa skuldbinda sig til þess að efla þróun alþjóðlegrar samframleiðslu kvikmyndaverka í samræmi við eftirfarandi ákvæði.

2. gr.  
*Gildissvið.*

1. Samningur þessi skal gilda um samskipti aðilanna á sviði fjölþjóðlegrar samframleiðslu sem á uppruna sinn á landsvæðum þeirra.
2. Samningur þessi skal gilda:
  - a. um samframleiðslu þar sem í hlut eiga að minnsta kosti þrír samframleiðendur sem staðfestu hafa í ríkjum þriggja mismunandi aðila að samningi þessum og
  - b. um samframleiðslu þar sem í hlut eiga að minnsta kosti þrír samframleiðendur sem staðfestu hafa í ríkjum þriggja mismunandi aðila að samningi þessum, ásamt einum eða fleiri samframleiðendum, sem ekki hafa staðfestu í ríkjum þessara aðila. Heildarframlög samframleiðenda, sem ekki hafa staðfestu í ríkjum aðila að samningi þessum, skulu þó aldrei fara yfir 30% af heildarkostnaði við framleiðsluna.

Í öllum tilvikum skal samningur þessi einungis gilda að uppfylltu því skilyrði að verkið falli undir skilgreiningu á opinberlega samframleiddu kvikmyndaverki, eins og það er skilgreint í c-lið 3. gr. hér á eftir.
3. Ákvæði tvíhliða samninga milli aðila að samningi þessum skulu áfram gilda um tvíhliða samframleiðslu. Þegar um fjölþjóðlega samframleiðslu er að ræða skulu ákvæði samnings þessa ganga frammar ákvæðum tvíhliða samninga milli aðila að þessum samningi. Ákvæði er varða tvíhliða samframleiðslu skulu halda gildi sínu enda gangi þau ekki gegn ákvæðum samnings þessa.
4. Ef ekki er fyrir hendi samningur um tvíhliða samframleiðslu milli tveggja aðila að samningi þessum skal samningurinn einnig gilda um tvíhliða samframleiðslu nema annar hvor hlutaðeigandi aðila hafi gert fyrirvara skv. 22. gr.

3. gr.  
*Skilgreiningar.*

Í samningi þessum merkir:

- a. hugtakið „kvikmyndaverk“ verk af hvaða lengd sem er og á hvaða miðli sem er, einkum skáldleg kvikmyndaverk, teikni- og brúðumyndir og heimildarmyndir, sem samrýmast þeim ákvæðum er gilda um kvikmyndaiðnaðinn hjá hverjum hlutaðeigandi aðila og ætluð eða ætlaðar eru til sýningar í kvikmyndahúsum,
- b. hugtakið „samframleiðendur“ kvikmyndagerðarfyrirtæki eða framleiðendur sem hafa staðfestu í ríkjum aðila að samningi þessum og bundnir eru samningi um samframleiðslu,
- c. hugtakið „opinberlega samframleitt kvikmyndaverk“ (hér á eftir nefnt „kvikmynd“) kvikmyndaverk sem fullnægir þeim skilyrðum sem sett eru fram í II. viðbæti sem er óaðskiljanlegur hluti samnings þessa,
- d. hugtakið „fjölþjóðleg samframleiðsla“ kvikmyndaverk, sem framleitt er af að minnsta kosti þremur samframleiðendum eins og þeir eru skilgreindir í 2. mgr. 2. gr. hér að framan.

II. KAFLI  
**Reglur um samframleiðslu.**

4. gr.  
*Aðlögun að innlendri kvikmyndagerð.*

1. Kvikmyndaverk, sem unnin eru í fjölþjóðlegri samframleiðslu og heyra undir samning þennan, skulu eiga kost á þeim stuðningi sem veittur er innlendum kvikmyndum samkvæmt ákvæðum gildandi laga og reglna hjá sérhverjum aðila að samningi þessum sem þátt tekur í viðkomandi samframleiðslu.
2. Stuðningurinn skal veittur sérhverjum samframleiðanda af þeim aðila þar sem samframleiðandinn hefur staðfestu, með þeim skilyrðum og takmörkunum sem kveðið er á um í gildandi lögum og reglum hjá hlutaðeigandi aðila og í samræmi við ákvæði samnings þessa.

## 5. gr.

*Skilyrði fyrir því að öðlast stöðu samframleiðslu.*

1. Sérhver samframleiðsla kvikmyndaverks skal háð samþykki þar til bærra stjórnvalda aðila þar sem samframleiðendurnir hafa staðfestu, að höfðu samráði milli þar til bærra stjórnvalda og í samræmi við þá málsmeðferð sem tilgreind er í I. viðbæti. Sá viðbætur skal teljast vera óaðskiljanlegur hluti samnings þessa.
2. Umsóknir um stöðu samframleiðslu skulu lagðar fyrir þar til bær stjórnvöld til samþykkis samkvæmt umsóknarferlinu sem er sett fram í I. viðbæti. Samþykkið skal vera endanlegt nema ekki sé staðið við upphaflegar skuldbindingar varðandi listræn, fjárhagsleg eða tæknileg atriði.
3. Verkefni, sem eru bersýnilega kláamefni eða hvetja til mismununar, haturs eða ofbeldis eða lítilsvirða á opinskáan hátt mannlega reisn, geta ekki fengið stöðu samframleiðslu.
4. Ávinningur, sem hlýst af stöðu samframleiðslu, skal veittur samframleiðendum sem teljast ráða yfir fullnægjandi tækni og fjármagni og nægilegri, faglegri hæfni.
5. Sérhvert samningsríki skal tilnefna þar til bært stjórnvald, sem getið er um í 2. mgr. hér að framan, með yfirlýsingu sem gefin er við undirritun samningsins eða þegar skjal um fullgilding, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu. Yfirlýsingunni má breyta hvenær sem er síðar.

## 6. gr.

*Hlutdeild hvers samframleiðanda.*

1. Þegar um er að ræða fjölbjóðlega samframleiðslu skal lágmarksframlag ekki vera minna en 5% og hámarksframlag ekki meira en 80% af heildarframleiðslukostnaði kvikmyndaverksins. Ef lágmarksframlagið er minna en 20% eða þátttaka í samframleiðslunni er einungis af fjárhagslegum toga getur hlutaðeigandi aðili gert ráðstafanir til þess að takmarka eða hefta aðgang að stuðningskerfum innlendar framleiðslu.
2. Þegar þessi samningur kemur í stað tvíhliða samnings milli tveggja aðila samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 2. gr. skal lágmarksframlag ekki vera minna en 10% og mesta framlag má ekki fara yfir 90% af heildarframleiðslukostnaði kvikmyndaverksins. Ef lágmarksframlagið er minna en 20% eða þátttaka í samframleiðslunni er einungis af fjárhagslegum toga getur hlutaðeigandi aðili gert ráðstafanir til þess að takmarka eða hefta aðgang að stuðningskerfum innlendar framleiðslu.

## 7. gr.

*Réttur samframleiðenda að kvikmyndaverkinu.*

1. Samframleiðslusamningurinn skal tryggja sérhverjum samframleiðanda sameiginlegan efnislegan og óefnislegan eignarrétt að kvikmyndinni. Samningurinn skal hafa að geyma ákvæði þess efnis að frumeintak kvikmyndar (fyrsta fullgerða útgáfa) skuli varðveitt á stað sem samframleiðendurnir koma sér saman um og hann skal tryggja þeim frjálsan aðgang að því.
2. Samframleiðslusamningurinn verður einnig að tryggja sérhverjum samframleiðanda rétt til aðgangs að efninu og frumeintakinu til að nota það sem fjölföldunarmiðil.

## 8. gr.

*Tæknileg og listræn þátttaka.*

1. Framlag hvers samframleiðanda skal m.a. fela í sér virka tæknilega og listræna þátttöku. Grundvallarreglan er sú, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar aðila, að framlag samframleiðenda, að því er varðar starfsfólk á sviði sköpunar, tækni og listar; leikendur og aðstöðu skal vera í réttu hlutfalli við fjárfestingu þeirra.
2. Með fyrirvara um alþjóðlegar skuldbindingar aðila og þær kröfur sem kvikmyndahandritið gerir skulu starfsmenn, sem vinna við kvikmyndatöku, vera ríkisborgarar í þeim ríkjum sem eru þátttakendur í samframleiðslunni og eftirvinnsla skal að jafnaði fara fram í þessum ríkjum.

## 9. gr.

*Fjárhagsleg samframleiðsla.*

1. Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. og með fyrirvara um sérstök skilyrði og takmarkanir, sem kveðið er á um í lögum og reglum sem í gildi eru hjá aðilum, má veita samframleiðslu stöðu samframleiðslu samkvæmt ákvæðum samnings þessa ef hún uppfyllir eftirfarandi skilyrði:
  - a. hún felur í sér eitt eða fleiri minnihlutaframlög, sem aðeins mega vera fjárframlög, samkvæmt samframleiðslusamningnum, enda nemi framlag frá hverju landi hvorki minna en 10% né meira en 25% af framleiðslukostnaði,
  - b. hún felur í sér meirihlutaaðild samframleiðanda sem leggur til virkt tæknilegt og listrænt framlag og fullnægir þeim skilyrðum sem þarf til að kvikmyndin hljóti viðurkenningu sem innlend framleiðsla í landi hans,
  - c. hún stuðlar að því að efla menningarlega fjölbreytni og skoðanaskipti milli menningarsamfélaga og
  - d. hún er skjalfest í samframleiðslusamningnum sem hafa að geyma ákvæði um skiptingu tekna.
2. Fjárhagsleg samframleiðsla skal því aðeins hljóta stöðu samframleiðslu að þar til bær stjórnvöld hafi veitt samþykki sitt í hverju einstöku tilviki, þar sem einkum er tekið tillit til ákvæða 10. gr. hér á eftir.

## 10. gr.

*Almennt jafnræði.*

1. Almennt jafnræði skal ríkja í samskiptum aðila á sviði kvikmyndagerðar, bæði að því er varðar heildarfjárhæð fjárfestingar og listræna og tæknilega þátttöku í samframleiðslu kvikmyndaverka.
2. Aðili sem verður, yfir hæfilegt tímabil, var við að á hann hafi hallað í samskiptum á sviði samframleiðslu við einn eða fleiri aðila, getur neitað að samþykkja síðari samframleiðslu þar til jafnræði hefur náðst að nýju í samskiptum hans við þann eða þá samningsaðila.

## 11. gr.

*Koma og dvöl.*

Í samræmi við lög og reglur og alþjóðlegar skuldbindingar sem í gildi eru skal sérhver aðili auðvelda komu og dvöl á landsvæði sínu fyrir starfsfólk á sviði tækni og lista frá öðrum aðilum, sem taka þátt í samframleiðslu, auk þess að veita því atvinnuleyfi. Með sama hætti skal sérhver aðili heimila tímabundinn innflutning og endurútflutning búnaðar sem nauðsynlegur er til að framleiða og dreifa kvikmyndaverkum er falla innan gildissviðs samnings þessa.

## 12. gr.

*Landa getið sem standa að samframleiðslu.*

1. Geta skal þeirra landa sem standa að samframleiðslu á viðurkenningarlista í samframleiddum kvikmyndaverkum.
2. Heiti þessarra landa skulu koma greinilega fram á viðurkenningarlistanum, svo og öllum auglýsingum og kynningum og þegar kvikmyndaverkin eru sýnd.

## 13. gr.

*Útflutningur.*

Þegar samframleitt kvikmyndaverk er flutt út til lands þar sem innflutningur kvikmyndaverka er bundinn kvótum og einn aðili meðal samframleiðenda á ekki rétt á frjálsum aðgangi fyrir kvikmynda- verk sín að innflutningslandinu skal:

- a. kvikmyndaverkinu að jafnaði bætt við kvóta þess lands sem á meirihlutaaðild að verkinu,
- b. ef um er að ræða kvikmyndaverk með jafnri þátttöku mismunandi landa, bæta verkinu við kvóta þess lands sem hefur mesta möguleika á útflutningi til innflutningslandsins,
- c. ef ekki er unnt að beita ákvæðum a- og b-liða hér að framan, bæta kvikmyndaverkinu við kvóta þess aðila sem leggur til leikstjórnann.

## 14. gr.

*Tungumál.*

Þegar þar til bært stjórnvald aðila veitir stöðu samframleiðslu getur hann krafð samframleiðandann, sem hefur staðfestu í því landi, um lokaútgáfu kvikmyndaverksins á einu af tungumálum aðilans.

## 15. gr.

*Kvikmyndahátíðir.*

Sá aðili, þar sem samframleiðandinn sem á meirihlutaáðild að verkinu hefur staðfestu, eða sá aðili sem leggur til leikstjórnann, ef um jafnt fjárframlag er að ræða, skal sýna samframleidd kvikmyndaverk á alþjóðlegum kvikmyndahátíðum nema samframleiðendur ákveði annað.

## III. KAFLI

**Lokaákvæði.**

## 16. gr.

*Áhrif samningsins.*

1. Samningur þessi skal, að því er varðar ríki sem aðild eiga að honum, koma í stað Evrópusamningsins um samframleiðslu kvikmyndaverka, sem var lagður fram til undirritunar 2. október 1992.
2. Samningurinn frá 1992 gildir áfram í samskiptum aðila að þessum samningi og aðila að samningnum frá 1992 sem hefur ekki fullgilt þennan samning.

## 17. gr.

*Eftirfylgni við samninginn og breytingar á I. og II. viðbæti.*

1. Stjórn Evrópusjóðsins til stuðnings samframleiðslu og dreifingu á skapandi kvikmyndaverkum og hljóð- og myndverkum („Eurimages“) skal bera ábyrgð á eftirfylgni við samning þennan.
2. Sérhver aðili að þessum samningi, sem á ekki aðild að Eurimages-sjóðnum, getur átt fulltrúa í stjórn sjóðsins og farið með eitt atkvæði þar þegar stjórnin sinnir þeim verkefnum sem henni eru falin samkvæmt þessum samningi.
3. Til að stuðla að skilvirkri beitingu samningsins getur stjórn Eurimages-sjóðsins:
  - a. lagt fram tillögur til að greiða fyrir miðlun reynslu og góðra starfsvenja milli aðila,
  - b. sett fram álit sitt á hvers kyns málefnum sem varða beitingu og framkvæmd þessa samnings og beint tilteknum tilmælum til aðila í þessu skyni.
4. Í þeim tilgangi að uppfæra ákvæði I. og II. viðbætis við þennan samning til að tryggja að þau eigi áfram við um almennar starfsvenjur í kvikmyndaíðnaðinum geta aðilarnir, ráðherranefndin eða stjórn Evrópusjóðsins til stuðnings samframleiðslu og dreifingu á skapandi kvikmyndaverkum og hljóð- og myndverkum („Eurimages“) gert tillögur að breytingum. Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðilunum um þær.
5. Að höfðu samráði við aðilana getur ráðherranefndin samþykkt breytingartillögu sem lögð er fram í samræmi við 4. mgr. með meirihluta sem kveðið er á um í d-lið 20. gr. stofnskrár Evrópuráðsins. Breytingin öðlast gildi þegar ár er liðið frá þeim degi þegar aðilarnir fengu hana. Á þeim tíma getur hver aðili tilkynnt framkvæmdastjóra Evrópuráðsins um andmæli sín að því er varðar gildistöku breytingarinnar gagnvart viðkomandi aðila.
6. Tilkynni þriðjungur aðilanna framkvæmdastjóra Evrópuráðsins um andmæli að því er varðar gildistöku breytingarinnar öðlast breytingin ekki gildi.
7. Tilkynni innan við þriðjungur aðilanna um andmæli öðlast breytingin gildi gagnvart þeim aðilum sem ekki hafa tilkynnt um andmæli.
8. Þegar breyting hefur öðlast gildi í samræmi við 5. og 7. mgr. þessarar greinar og aðili hefur tilkynnt um andmæli sín skal sú breyting öðlast gildi gagnvart hlutaðeigandi aðila fyrsta dag næsta mánaðar eftir að hann tilkynnir framkvæmdastjóra Evrópuráðsins um staðfestingu sína á breytingunni. Aðili sem hefur tilkynnt um andmæli getur afturkallað andmæli sín hvenær sem er með því að tilkynna það framkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

9. Samþykki ráðherranefndin breytingu getur ríki eða Evrópusambandið ekki lýst sig samþykkt því að vera bundið af samningi þessum nema staðfesta breytinguna á sama tíma.

## 18. gr.

*Undirritun, fullgilding, staðfesting, samþykki.*

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu aðildarríkja Evrópuráðsins og annarra ríkja sem eiga aðild að menningarsáttmála Evrópu sem geta lýst yfir samþykki sínu fyrir því að vera bundin af honum með:
  - a undirritun án fyrirvara um fullgilding, staðfestingu eða samþykki eða
  - b undirritun með fyrirvara um fullgilding, staðfestingu eða samþykki, ásamt eftirfarandi fullgilding, staðfestingu eða samþykki.
2. Skjöl um fullgilding, staðfestingu eða samþykki skulu afhent framkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

## 19. gr.

*Gildistaka.*

1. Samningurinn skal öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi þegar þrjú ríki, m.a. að minnsta kosti tvö aðildarríki Evrópuráðsins, hafa lýst sig samþykkt því að vera bundin af honum í samræmi við ákvæði 18. gr.
2. Samningurinn öðlast gildi gagnvart hverju undirritunarríki, sem síðar lýsir yfir samþykki sínu þess efnis að vera bundið af honum, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá undirritunardegi eða frá því að skjal um fullgilding, staðfestingu eða samþykki er afhent til vörslu.

## 20. gr.

*Aðild ríkja utan Evrópuráðsins.*

1. Eftir að samningur þessi hefur öðlast gildi er ráðherranefnd Evrópuráðsins heimilt, að höfðu samráði við aðilana, að bjóða sérhverju því ríki sem ekki á aðild að Evrópuráðinu, svo og Evrópusambandinu, að gerast aðili að honum með ákvörðun sem tekin er með þeim meirihluta sem kveðið er á um í d-lið 20. gr. stofnskrár Evrópuráðsins og með samhljóða atkvæðum fulltrúa þeirra samningsríkja sem sæti eiga í ráðherranefndinni.
2. Samningurinn öðlast gildi gagnvart hverju ríki sem gerist aðili að honum eða Evrópusambandinu, ef það gerist aðili, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að aðildarskjal er afhent framkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

## 21. gr.

*Ákvæði um landsvæði.*

1. Sérhverju ríki er heimilt, við undirritun eða þegar það afhendir skjal sitt um fullgilding, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, að tilgreina það eða þau landsvæði sem samningur þessi skal taka til.
2. Sérhver samningsaðili getur, hvenær sem er síðar, lýst því yfir við framkvæmdastjóra Evrópuráðsins að samningur þessi nái til annarra landsvæða sem tilgreind er í yfirlýsingunni. Samningurinn öðlast gildi, að því er fyrnefnt landsvæði varðar, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi þegar framkvæmdastjórinn tekur við slíkri yfirlýsingu.
3. Heimilt er að afturkalla hverja yfirlýsingu, sem er gefin út samkvæmt tveimur undanfarandi málsgreinum og varðar hvert það landsvæði sem þar er tilgreint, með tilkynningu til framkvæmdastjórans. Afturköllunin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi þegar framkvæmdastjórinn veitir fyrnefndri tilkynningu viðtöku.

## 22. gr.

*Fyrirvarar.*

1. Sérhvert ríki getur, við undirritun samningsins eða þegar það afhendir skjal sitt um fullgilding, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, lýst því yfir að 4. mgr. 2. gr. gildi ekki um tvíhliða

samskipti þess varðandi samframleiðslu við einn eða fleiri aðila. Enn fremur er því heimilt að áskilja sér rétt til að ákveða hámarkshlutdeild sem er frábrugðin þeirri sem tilgreind er í a-lið 1. mgr. 9. gr. Óheimilt er að gera aðra fyrirvara.

2. Sérhver aðili, sem gert hefur fyrirvara samkvæmt undanfarandi málsgrein, getur hvenær sem er afturkallað hann, að hluta eða öllu leyti, með tilkynningu til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Slík afturköllun tekur gildi þann dag sem tilkynningin berst framkvæmdastjóranum.

23. gr.

*Uppsögn.*

1. Sérhver aðili getur, hvenær sem er, sagt upp samningi þessum með tilkynningu sem beint er til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins.
2. Uppsögnin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi þegar framkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku.

24. gr.

*Tilkynningar.*

Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins, svo og Evrópu-sambandinu og hverju því ríki sem hefur gerst aðili að samningi þessum eða fengið boð um slíkt, um:

- a. sérhverja undirritun,
  - b. afhendingu sérhvers skjals um fullgildinguna, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu,
  - c. sérhvern gildistökuþing samnings þessa skv. 19., 20., og 21. gr.,
  - d. sérhvern fyrirvara sem er gerður og sérhverja afturköllun í samræmi við 22. gr.,
  - e. sérhverja yfirlýsingu sem lögð er fram í samræmi við 5. mgr. 5. gr.,
  - f. sérhverja uppsögn sem tilkynnt er um í samræmi við 23. gr.,
  - g. sérhverja aðra aðgerð, tilkynningu eða orðsendingu er varðar samning þennan.
- Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Rotterdam 30. janúar 2017 í einu eintaki á ensku og frönsku, sem verður afhent til vörslu í skjalasafni Evrópuráðsins, og eru báðir textarnir jafngildir. Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til þeirra ríkja sem tilgreind eru í 1. mgr. 18. gr. og til Evrópusambandsins og hvers þess ríkis sem hefur verið boðin aðild að samningi þessum.

## I. viðbætur

*Umsóknarferli.*

Til þess að njóta góðs af ákvæðum samnings þessa skulu samframleiðendur, sem hafa staðfestu hjá aðilum, leggja fram umsókn um bráðabirgðastöðu samframleiðslu í tæka tíð áður en meginvinna við myndatökur eða myndlífgun hefst og láta henni fylgja þau gögn sem talin eru upp hér á eftir. Eftirfarandi skjöl skulu berast þar til bærum stjórnvöldum í nægilega mörgum eintökum til þess að unnt sé að senda þau áfram til stjórnvalda annarra aðila í síðasta lagi einum mánuði áður en tökur hefjast:

- yfirlýsing um hvernig réttindum höfunda er háttáð,
- samantekt um myndina,
- bráðabirgðaskrá yfir tæknilegt og listrænt framlag sérhvers þáttökulands,
- fjárhagsáætlun og bráðabirgðaáætlun um fjármögnun,
- bráðabirgðaverkátun,
- samframleiðslusamningur eða einfalt samkomulag („deal memo“) sem samframleiðendur gera sín í milli. Þetta skjal þarf að innihalda ákvæði um skiptingu tekna eða landsvæða milli samframleiðendanna.

Endanleg staða samframleiðslu er veitt þegar kvikmyndin er fullgerð og landsbundin yfirvöld hafa kannað eftirfarandi gögn um framleiðsluna:

- öll gögn til staðfestingar réttindamálum („chain of title“),



- endanlegt handrit,
- endanlega skrá yfir tæknilegt og listrænt framlag hvers þáttökulands,
- endanlegt yfirlit yfir kostnað,
- endanlega fjármögnunaráætlun,
- samframleiðslusamning sem samframleiðendurnir gera með sér. Í slíkum samningi skulu vera ákvæði um skiptingu tekna eða landsvæða milli samframleiðendanna.

Landsyfirvöld geta óskað eftir öðrum gögnum sem nauðsynleg eru vegna mats á umsókn í samræmi við landslögjöf.

Umsóknin og önnur gögn skulu lögð fram, ef því verður við komið, á tungumáli þar til bærra stjórnvalda sem þau eru send til.

Þar til bær innlend stjórnvöld skulu senda hvert öðru umsóknina og meðfylgjandi gögn þegar þau hafa borist. Þar til bært stjórnvald þess aðila sem leggur til minnihlutaframlag skal ekki veita samþykki sitt fyrr en álit þess aðila sem leggur fram meirihluta fjármagns hefur borist.

## II. viðbætur

*Skilgreining kvikmyndaverks sem uppfyllir skilyrði.*

1. Skáldlegt kvikmyndaverk telst vera opinberlega samframleitt verk í skilningi c-liðar 3. gr. ef það hlýtur, að því er varðar þætti hjá aðildarríkjum samningsins, a.m.k. 16 stig af 21 mögulegum, samkvæmt lista yfir þætti sem settir eru fram hér á eftir.
2. Með tilliti til einkenna samframleiðslunnar geta þar til bær stjórnvöld, að höfðu samráði sín í milli, veitt stöðu samframleiðslu verki sem hefur færri stig en þau 16 sem að jafnaði er krafist.

Þættir frá samningsríkjum samningsins	Stig
Leikstjóri	4
Höfundur handrits	3
Tónskáld	1
Fyrsta hlutverk	3
Annað hlutverk	2
Þriðja hlutverk	1
Deildarstjóri – kvikmyndataka	1
Deildarstjóri – hljóð	1
Deildarstjóri – klipping	1
Deildarstjóri – framleiðsla eða búningahönnun	1
Kvikmyndaver eða tökustaður	1
Staður fyrir sjónrænar tæknibrellur (VFX) eða tölvuvæddar myndbrellur (CGI)	1
Staður þar sem eftirvinnsla fer fram	1
<b>Ath.</b>	21
Fyrsta, annað og þriðja hlutverk miðast við fjölda vinnudaga.	

3. Kvikmyndaverk í formi teikni- eða brúðumyndar telst vera opinberlega samframleitt kvikmynda- verk í skilningi c-liðar 3. gr. ef hún hlýtur að minnsta kosti 15 stig af 23 mögulegum samkvæmt lista yfir þætti sem settir eru fram hér á eftir.

4. Með tilliti til einkenna samframleiðslunnar geta þar til bær stjórnvöld, að höfðu samráði sín í milli, veitt stöðu samframleiðslu verki sem hefur færri stig en þau 15 sem að jafnaði er krafist.

Þættir frá samningsríkjum samningsins	Stig
Hugmynd	1
Handrit	2
Persónuhönnun	2
Sköpun tónverks	1
Leikstjórn	2
Skotaplan (e. storyboard)	2
Yfirhönnuður leikmyndar	1
Tölvuvæddur myndgrunnur	1
Gróf sviðsetning (tvívídd) eða sviðsetning og stillingar tókuvéla (þrívídd)	2
75% útgjalda vegna teikni- eða brúðumynda í aðildarríkjum samningsins	3
75% af hreinsun (e. cleaning), millivinnslu (e. inter-betweening) og litvinnslu (e. colouring) í aðildarríkjum samningsins (tvívídd)	
<i>eða</i>	3
75% af litvinnslu (e. colouring), lýsingu (e. lighting), stillingu og hreyfanleika (e. rigging), módelgerð (e. modelling) og áferðarvinnslu (e. texturing) í aðildarríkjum samningsins (þrívídd)	
Samsetning eða kvikmyndataka	1
Klipping	1
Hljóð	1
	23

5. Heimildarmynd telst vera opinberlega samframleidd heimildamynd í skilningi c-liðar 3. gr. ef hún fær a.m.k. 50% af viðeigandi heildarfjölda stiga samkvæmt lista yfir þætti sem settir eru fram hér á eftir.
6. Með tilliti til einkenna samframleiðslunnar geta þar til bær stjórnvöld, að höfðu samráði sín á milli, veitt stöðu samframleiðslu verki sem hefur færri stig en þau 50% af viðeigandi heildarfjölda stiga sem að jafnaði er krafist.

Þættir frá samningsríkjum samningsins	Stig
Leikstjóri	4
Handritshöfundur	1
Tökumaður	2
Klippari	2
Rannsakandi	1
Tónskáld	1

Hljóð	1
Tökustaður	1
Staður þar sem eftirvinnsla fer fram	2
Staður fyrir sjónrænar tæknibrellur (VFX) eða tölvuvæddar myndbrellur (CGI)	1
	<hr/>
	16

COUNCIL OF EUROPE CONVENTION  
ON CINEMATOGRAPHIC CO-PRODUCTION (REVISED)

Preamble

The member States of the Council of Europe and the other States Parties to the European Cultural Convention (ETS No. 18), signatory hereto,

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve greater unity between its members in order, in particular, to safeguard and promote the ideals and principles which form their common heritage;

Considering that freedom of creation and freedom of expression constitute fundamental elements of these principles;

Considering that fostering the cultural diversity of the various European countries is one of the aims of the European Cultural Convention;

Having regard to the UNESCO Convention on the Protection and Promotion of the Diversity of Cultural Expressions (Paris, 20 October 2005), which recognises cultural diversity as a defining characteristic of humanity and strives to strengthen the creation, production, dissemination, distribution and enjoyment of cultural expressions;

Considering that cinematographic co-production, an instrument of creation and expression of cultural diversity on a global scale, should be reinforced;

Aware that film is an important means of cultural and artistic expression with an essential role in upholding the freedom of expression, diversity and creativity, as well as democratic citizenship;

Determined to develop these principles and recalling the recommendations of the Committee of Ministers to member States on the cinema and the audiovisual field, and particularly

Recommendation Rec(86)3 on the promotion of audiovisual production in Europe and Recommendation CM/Rec(2009)7 on national film policies and the diversity of cultural expressions;

Acknowledging that Resolution Res(88)15 setting up a European Support Fund for the Coproduction

And Distribution of Creative Cinematographic and Audiovisual Works "Eurimages" has been amended to allow the accession of non-member States;

Resolved to achieve these objectives thanks to a common effort to foster co-operation and define rules which adapt themselves to cinematographic co-productions as a whole;

Considering that the adoption of common rules tends to decrease restrictions and encourage co-operation in the field of cinematographic co-production;

